

Fundur hreppsnefndar Langanesbyggðar verður haldinn föstudaginn 16. maí 2008 kl. 17:05 í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn.

Mætt voru: Björn Ingimarsson, sveitarstjóri sem ritaði fundargerð, Siggeir Stefánsson, oddviti, Jóhanna Helgadóttir, Aðalbjörn Arnarsson, Sigurður Jóhannes Jónsson, Hulda Sigurðardóttir, Hilma Steinarsdóttir og Árni Davíð Haraldsson. Einnig sat fundinn Björn Guðmundur Björnsson, fulltrúi sveitarstjóra.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

Oddviti óskaði eftir heimild fundarins til að bæta fjórum liðum inn á dagskrána:

Undir dagskrárið 2 : Aþ – Stjórnarfundur 13.05.08

Undir dagskrárið 4 – Til afgreiðslu:

- Menningarmiðstöð Þingeyinga – Aðalfundur 21.05.08
- Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis – Aðalfundur 26.06.08
- Formenn FMN, USB, ÍTN og AN – Endurskoðun þóknunar til nefndarmanna

Samþykkt samhljóða.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerðir nefnda og ráða.

- Hreppsnefnd 30.04.08 (Lögð fram)
- Hreppsnefnd 09.05.08 (Lögð fram)
- Fræðslu- og menningarnefnd 07.05.08

Með fyrirvara um að undanþága fáist til að ráða Hönnu Margréti Úlfssdóttur sem leiðbeinanda við Grunnskólanum á Þórshöfn, skólaárið 2008 – 2009, er sveitarstjóra falið að láta ganga frá ráðningarsamningi við viðkomandi. Fundargerð samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir frá ýmsum aðilum.

- Eyþing – Stjórnarfundur 02.05.08 (Lögð fram)
- Aþ – Stjórnarfundur 13.05.08 (Lögð fram)

3. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri flutti skýrslu sina og gerði m.a. grein fyrir drögum að kaupsamningi vegna Fjarðarvegs 14, svarbréfi heilbrigðisstofnunar Austurlands við bókun hreppsnefndar frá 01.04.08 og viðbrögðum nágrannasveitarfélaga við erindi Steingríms J. Sigfussonar vegna göngu- og reiðleiðafriðlands á hálandi NALands.

Tillaga lögð fram um að sveitarstjóri vinni áfram að málum varðandi Fjarðarveg 14 i samræmi við drög að kaupsamningi. Samþykkt með sex atkvæðum gegn einu.

Tillaga lögð fram um að sveitarstjóra verði falið að koma bókunum hreppsnefndar og fagnefnda sveitarfélagsins á framfæri við málsaðila vegna göngu- og reiðleiðafriðlands. Samþykkt samhljóða.

Vegna svarbréfs heilbrigðisstofnunar Austurlands er fulltrúa sveitarstjóra falið að koma því á framfæri við HSA að þess sé vænst að læknispjónusta á Bakkafirði farist á ný í það horf að fóst viðvera læknis verði þar einu sinni í viku. Samþykkt samhljóða.

Samþykkt að úthluta íbúð í Pálmholti 3 til Önju og Piotr í samræmi við framlagða ósk þeirra þar um.



4. Innsend erindi

Til kynningar:

- Seyðisfjarðarkaupstaður – Lokun starfsstöðvar Fasteignamats ríkisins á Austurlandi.
- Háskóli Íslands – Könnun meistaránámsnema í tengslum við Staðardagskrá 21.
- Félags- og tryggingamálaráðuneytið – Hækkun húsaleigubóta.
- Ævar Rafn Marinósson – Sjónarmið varðandi veggiröingar í sveitarféluginu.

Ævar Rafn Marinósson mætti á fundinn og gerði grein fyrir sjónamiðum varðandi nauðsyn þess að girða af þjóðveginn frá Þórshöfn til Bakkafjarðar. Fram kom að þegar hefur verið óskað eftir því að hálfu sveitarfélagsins að hafist verði handa við girðingu vegarins auk þess sem flýtt verði framkvæmdum við nýbyggingu vegar yfir Brekkaheiði með undirgöngum. Nokkrar umræður urðu um málið. Sveitarstjórn mun gera sitt til að þrýsta á framgang málssins.

Til afgreiðslu:

- Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga – Aðalfundur Áþ 21.05.08.
Samþykkt tillaga um að sveitarstjóri sæki fundinn fyrir hönd Fræs ehf.
- Dalhús jarðeigendafélag – Ósk um kaup á 50% hlut Langanesbyggðar í Nýjabæ.
Sveitarstjóra falið að koma því á framfæri við málsaðila að sveitarfélagið hyggist ekki selja umrædda eign að svo stöddu.
- Menningarráð Eyþings – Ráðstefna um menningarstefnu sveitarfélaga 22.05.08.
Samþykkt að sveitarstjóri sæki ráðstefnuna enda situr hann fund Menningarráðsins og stjórnar Eyþings á Akureyri sama dag. Einnig samþykkt að gefa fulltrúa frá fræðslu- og menningarnefnd kost á að sækja ráðstefnuna.
- Félags- og tryggingamálaráðuneytið – Dagur barnsins 25.05.08.
Samþykkt að fara þess á leit við skólastjóra Grunnskóla Þórshafnar að viðkomandi taki að sér hlutverk tengiliðs við framkvæmdaneftnd dags barnsins.
- Þriðja árs kennaranemar á Þórshöfn – Hugmynd að styrk- og starfsskuldbindingu.
Samþykkt að bjóða kennaranemum óskert laun miðað við starfshlutfall vegna náms þeirra skólaárið 2008 – 2009. Slikt skal þó skilyrt því að viðkomandi skuldbindi sig til kennslu við Grunnskólann á Þórshöfn í tvö ár að námi loknu. Ganga skal frá skuldarviðurkenningum vegna þessa í samræmi við þær fjárhæðir sem hverjum og einum eru greiddar umfram vinnuframlag. Skuldarviðurkenningar skulu falla niður uppfylli viðkomandi ákvæði samkomulagsins en greiðast ella. Sveitarstjóra falið að ganga frá málinu.
- Menningarmiðstöð Þingeyinga – Aðalfundur 21.05.08.
Samþykkt að sveitarstjóri sæki fundinn í tengslum við aðalfund Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga sama dag.
- Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis – Aðalfundur 26.06.08.
Afgreiðslu frestað til fundar hreppsnefndar í júni.
- Formenn FMN, USB, ÍTN og AN – Endurskoðun þóknunar til nefndarmanna.
Tillaga um að fresta erindinu til fundar hreppsnefndar í júlí. Samþykkt með 5 atkvæðum 2 sátu hjá.

5. Minnismerki um Valda Fúsa – Síðasta vatnsberann á Íslandi.

Samþykkt að fara þess á leit við Sparisjóð Þórshafnar og nágrennis að sparisjóðurinn styrkti verkefnið með veglegum hætti. Sveitarstjóra falið að sjá til þess að verkefnið gangi fram þannig að til afþjúpunar geti komið í tengslum við Káta daga í júlí. Varanleg fjárlátlát sem kunna að verða vegna þess er vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar fyrir árið 2008.

6. Endurnýjun tölvubúnaðar hjá Langanesbyggð.

Lögð fram tillaga um að sveitarfélagið leysi til sín þann tölvubúnað sem er á rekstrarleigu, en leigutíma likur í lok maí. Sá tölvubúnaður verði settur upp í tölvuveri Grunnskólans á Þórshöfn og verði það þar með fært um að uppfylla þau skilyrði sem til þess eru gerð. Fjárfest verði í nýjum tölvum fyrir starfsfólk Grunnskólans á Þórshöfn og á skrifstofum miðað við að flestir kennrarar hafi til afnota fartölvur sem nýtast munu ýmist til kennslu, undirbúnings og/eða sérverkefna. Áætlaður kostnaður vegna þessa mun nema um



1,5 – 2,0 m.kr. og er sveitarstjóra salið að ganga frá kaupum á umræddum búnaði. Jafnframt samþykkir hreppsnefnd að komið verði upp þráðlausu netsambandi innan Grunnskólans á Þórshöfn þannig að breyttur tölvukostur megi nýtast sem best. Kostnaði vegna framangreindra fjárfestinga er vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar vegna ársins 2008. Samþykkt með 5 atkvæðum og 2 sátu hjá.

7. Ársrekningur 2007 – Seinni umræða.

Ársrekningurinn borinn upp og samþykktur samhljóða.

8. Kosning oddvita og varaoddvita til eins árs.

Eftirfarandi tillaga kom fram:

Siggeir Stefánsson oddviti og Þórir Jónsson varaoddviti

Samþykkt með 4 atkvæðum og 3 sátu hjá.

Fundargerð samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:22

Siggeir J. Þórir Jónsson
Hildur Sigurðardóttir
Jóhanna Ólafsdóttir
Hilma Steinarsdóttir
Ari Þorsteinn Þorsteinsson
Birnir